



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Regína Ásvaldsdóttir  
Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 4. september 2024.  
Málsnr. 2403007  
PBG/HH

### **Efni: Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna.**

Á 583. fundi stjórnar SSH, hinn 2. september 2024, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

#### **2403007 - Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna**

*Vísað er til fyrri umræðu stjórnar SSH um málið en hún fór fram á 576., 578., 579. og 580. fundum. Gerð er tillaga um að komið verði á fót sameiginlegu farsældarráði landshlutans og að framkvæmdastjóra verði falið að gera viðaukasamning við sóknaráætlun við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna fjármögunar við innleiðingu. Nánar er fjallað um málið í fyrirliggjandi minnisblaði Hildigunnar Hafsteinsdóttur dags. 30. ágúst 2024. Fyrirliggjandi eru einnig glærur frá kynningu Svandísar Ingimundardóttur um málið sem fór fram á 576. fundi stjórnar.*

#### **Niðurstaða fundar:**

*Stjórn samþykkir að komið verði á fót sameiginlegu farsældarráði innan höfuðborgarsvæðisins. Er framkvæmdastjóra þá falið að gera viðaukasamning við samning um Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins við mennta- og barnamálaráðuneytið um fjármögnun ráðningar verkefnastjóra sem starfi að undirbúningi stofnunar farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins og að ráða verkefnastjóra á grundvelli hans.*

*Framangreint verði sent aðildarsveitarfélögunum til kynningar.*

Er framangreint hér með sent til kynningar á vettvangi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd SSH

  
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

#### **Meðfylgjandi:**

1. Kynning\_spretthóps\_080424\_SSH.
2. Svæðisbundið farsældarráð minnisblað30824